

Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals vegna starfsárs 2014

Haldinn 20. maí 2015 kl. 17:15 í Þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða , Síðumúla 39, Reykjavík.

Mætingalisti er fylgiskjal. Fundinn sátu 8 íbúar (kjörgengir) auk Helgu Margrétar Guðmundsdóttur frá Þjónustumiðstöð Laugardals sem áheyrnarfulltrúa. Fundarstjóri var Sigurður Þórðarson (formaður) og fundarritari Lilja Sigrún Jónsdóttir.

Skýrsla stjórnar:

Starf samtakanna hefur verið hefðbundið á árinu. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa hjá hverfisráðinu sem heldur reglulega fundi. Þau Lilja og Morten hafa reynst okkur vel, mætt á nánast alla fundi hverfisráðs á árinu og haft áhrif á ákvarðanatöku ráðsins. Hverfisráð hefur haldið kynningarfundum í samráði við íbúasamtökin á árinu, m.a. um framtíð Laugardalsins, svo eitthvað sé nefnt. ÍL hefur lagt sitt af mörkum til að Laugargarður, ræktunarverkefni í anda vistræktunar, fái að þróast. Er þar merkilegt starf í gangi sem vonandi nær að festast í sessi.

Eitt er það mál sem íbúasamtökin hafa nýverið beitt sér fyrir í þágu íbúa, en það er fyrirhuguð stækkun bílastæða á lóð Steinahlíðar og breyting á aðkomu bíla þar. Til stóð að loka aðkomu frá Suðurlandsbraut og færa hana yfir í Gnoðarvog. Íbúasamtökin hafa unnið í því að framkvæmdir fari ekki fram án samráðs við íbúa í grend, lagt fram aðrar hugmyndir að lausn og að kynning verði markvissari.

Útimarkaðurinn, flaggskip íbúasamtakanna, var haldinn í ágúst. Venjan er að halda markaðinn á mismunandi svæðum í hverfinu. Að þessu sinni var Elliðavogur fyrir valinu, á svæði nálægt hjólabrúnni og smábátahöfninni. Ber að þakka þeim fórnfúsu höndum sem skipuleggja og halda því verkefni gangandi, þeim Hildi Örne Gunnarsdóttur, Sigríði Melrós Ólafsdóttur og Kristínu Þorleifsdóttur.

Vefsíða ÍL www.laugardalur.com hefur legið niðri en hefur nýverið komist í loftið á ný, þökk sé Tryggva Hjörvar sem hefur boðist til að aðstoða við það verk og eru færðar bestu þakkir fyrir.

Ég læt nú af störfum sem formaður eftir setu frá 2010. Starfið hefur ekki reynst erfitt, það get ég fullyrt, en það er tímabært að aðrir taki þetta verkefni að sér. Ég þakka öllum þeim sem standa að baki þessum samtökum fyrir að hafa treyst mér og mun nú verða hluti af baklandi okkar. Jafnframt óska ég nýrri stjórn alls hins besta.

Sigurður Þórðarson, formaður.

Samhliða skýrslu stjórnar var kynnt að ekki yrði unnt að leggja fram ársreikninga að svo stöddu, vegna veikinda gjaldkera og vandkvæða við aðgang að bankareikningum félagsins.

Skýrsla stjórnar var samþykkt og einnig tillaga formanns um að fresta framlagningu ársreikninga til aðalfundar næsta árs. Því var formlega vísað til næstu stjórnar að útvega gjaldkera aðgang að reikningum og að fara yfir og samþykkja skoðaða ársreikninga fyrir árið 2014. Leggja þá svo út á vef ÍL fram að næsta aðalfundi og samþykktar þar. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tillögu formanns.

Stjórnarkjör: Úr stjórn ganga nú Sigurður Þórðarson og Sigríður Melrós Ólafsdóttir. Andrea Þormar gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Áfram sitja í stjórn sem aðalmenn Hildur Arna Gunnarsdóttir (gjaldkeri) og Morten Lange.

Framboð til stjórnarsetur sem aðalmenn voru eftirfarandi: Lilja Sigrún Jónsdóttir (gefur kost á sér til formennsku), Stefán Sæbjörnsson, Eyrún Jóhannsdóttir, Pétur V. Maack og María Gestsdóttir. Gauti Kristmannsson, Helga Sigrún Sigurjónsdóttir og Jón Guðmundsson gefa kost á sér sem varamenn. Stjórnarkjör samþykkt og ný stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi formlega. Sigurður Þórðarson og Bjarni Jónsson voru samþykktir sem skoðunarmenn reikninga.

Lagabreytingar voru engar kynntar.

Önnur mál:

Ýmis mál sem varða starf samtakanna og áhugasvið viðstaddra til aðgerða voru rædd og form og innihald starfsins á liðnum árum.

Vísað var til nýrrar stjórnar að koma með ályktun um hjólreiðar innan hverfis. Þörf var talin fyrir að stilla hraða í hóf og miða etv við gönguhraða á gangstéttum.

Ræddur var vandi vegna bílastæðamála í eldri hverfum þar sem leyfð er fjölgun á íbúðum án þess að bílastæðum fjölgi með tilheyrandi vanda. Jón Guðmundsson taldi vandann að hluta skipulagslegs eðlis, að leyfðar væru íbúðir sem aldrei hafði verið gert ráð fyrir í heildarskipulagi.

Hildur Arna vill að ÍL hlutist til um úrbætur í umhirðu innan hverfis. Nefndir voru staðir eins og World Class og sundlaugin í Laugardal og tjaldstæðið þar. Þarna væri umhirða ekki nægileg til að halda svæðum snyrtilegum. Ef til vill væri ruslatunnur of fáar eða tæmdar of sjaldan.

Óskað var eftir fólki í vinnu við Útimarkað ÍL. Hann hefur verið haldinn án formlegrar yfirbyggingar en væri nú upb 10,000 manna samkoma sem krefðist mikillar skipulagsvinnu og undirbúnings. Vísað til nýrrar stjórnar að styðja við þá vinnu og útvega fé einnig.

Pétur V Maack vill taka til skoðunar umhverfismál og minnka sorp. Ennfremur vill hann vernda Laugarnesið og Elliðavoginn.

Annað var ekki fært til bókar en ljóst að nýrrar stjórnar biða ýmis verkefni.

Fundi slitið.

Fundargerð staðfest með undirritun nýkjörinnar stjórnar:

Lilja Sigrún Jónsdóttir kt. 180362-4799

María Gestsdóttir. 110178-3369

Eyrún Þórunn Jóhannsdóttir 050781-3999

Pétur V Maack 251043-3379

Stefán Sæbjörnsson 170164-2290